



Asgerður Búadóttir við vefstólinn

# NÚTÍMABYGGINGAR- LIST KALLAR Á MYND- VEFNAÐ

**VEFNAÐARLEGA** séð er vefur tvíviður flötur, sem byggist upp hornrétt af sam ofnum þráðum: lóðréttum, sem er uppistaðan, og láréttum, sem er ívafið. Það er sama hvaða efni og aðferð vefarinn notar, hvort hann býr til ferhyrnt veggteppi í hefðbundnum stíl eða hreyfist, — alltaf er hann háður þessu lögmáli. Þetta skapar þeim, sem leggur stund á myndvefnað, aðhald, og það er dálítið gott að geta ekki gert allt jafnvel þótt maður geti gert allt.

Það álitur a.m.k. Asgerður Búadóttir myndlistarkona, sem telur myndvefnað eiginlega sitt eina, rétta tjáningarform. Hún vefur nær eingöngu úr ull, sem henni finnst geysilega heillandi efni. Sjálft efnið gefur henni hugmyndir að verkum sínum og þá ekki síður litirnir á ullinni.

Ög það má með sanni segja að Asgerður hafi lotið lögmáli vefsins allt frá því hún komst í kynni við það. Hún lagði stund á myndlist fyrst hér við Handíðaskólann, sem þá hét. Síðan tóku við tvö ár í málaraeild Listaháskólans í Kaupmannahöfn og 1/2 ár við nám í grafík í sama skóla. Aður en Asgerður fór heim að námi loknu keypti hún sér vefstól og upp frá því hefur hún ekki lagt stund á aðrar greinar myndlistar. — Þetta hefur

einhvern veginn legið í mér, segir hún. Á námsárum Asgerðar í Kaupmannahöfn var myndvefnaður ekki kenndur við Listaháskólann og lítið um vefnaðarsýningar í borginni. Þó hafði hún séð eitthvað af myndvefnaði. Jafnvel þótt þessi grein hefði verið kennd er óvist, að hún hefði valið hana, enda er myndlistarnám góð undirstaða fyrir vefnað. Þegar heim kom fór Asgerður að nota vefstólinn og vefa.

## Hörgull á góðu efni

Asgerður býr ásamt eiginmanni sínum Birni Th. Björnsyni og þrem börnum þeirra inni í Vogum, og þangað heimsóttu blaðamaður og ljósmyndari Timans hana ekki alls fyrir löngu.

Í heimilislega búinni vistlegri stofu skipar vefstóllinn öndvegi og hér vefur Asgerður og einkadóttirin Þórunn, 4 ára, leikur sér í kring, en hana kallar hún raunar „sitt bezta verk“. Uppi á lofti er bandið geymt og þar hefur Asgerður kompu þar sem hún teiknar og rissar. Vinnunni hagar hún þannig, að fyrst gerir hún smáskyssur að verkum sínum og hefur þá litina, sem hún ætlar að nota í huga, og handleikur mikið efni, sem hafa á i vefnaðinn. Þá gerir hún teikningu í þeirri stærð, sem verkið á endanlega að vera í, og fer síðan að mestu leyti eftir henni.

Við minntumst á, að Asgerður vefur mest úr ull, hör og stundum notar hún hrosshár. Þegar við spurðum hana hvernig efnisöflun væri háttáð hér fyrir myndvefnað



Þórunn dregur stundum huga móður sinnar frá vinnunni.

kom í ljós, að þar er við erfiðleika að etja. Íslensk ull er nú fyrst og fremst unnin fyrir vélvefnað og þrjónaskap, en ekkert hugsað um myndvefnaðinn. Það efni sem notast þarf við er leiðinlegt og sumt lélegt. „Maður á gjarnan svolitinn lager af bandi, sem maður býr að“, segir Asgerður, en ef ég fer í verzlun til að kaupa efni til vefnaðar er þar alger eyðimörk.


„Eins er um litunina. Ég býst við, að á næstunni þurfi ég að fara að lita sjálf, sem ég hef raunar þegar gert í litlum mæli. Ég man eftir því, að er ég var að byrja að vefa fór ég með litaprufur upp að Alafossi, en þar var yfirmaður Pétur Sigurjónsson. Ég bað hann að lita fyrir mig, sem hann gerði. Hann var allur af vilja gerður til að aðstoða mig. Ég er ekki að segja, að verk-smiðjur geti gert eða eigi að gera svona, en þetta verður að breytast frá því sem nú er“.

## Hvar hefðum við átt að hafa myndvefnað

Við Íslendingar eigum sáralítið af gömlum myndvefnaði, aðeins fáeinir rúmabreiður, söðuláklæði o.þh. Þetta er þó ekkert furðulegt. Hvar hefðum við átt að hengja upp myndvefnað í okkar lágreistu, skammlífu húsum. Nútimabyggingarlist hins vegar með sínum hreinu, köldu flötum bókstaflega kallar á myndvefnað, enda hefur hún verið aðalhvatin að endurreisn myndvefnaðar á síðari tímum. Sums staðar, eins og t.d. í Svíþjóð, er varla byggt svo hús, að ekki sé fenginn listamaður til að vefa mynd til að hafa í því.

Við minntumst áður á Svíþjóð, en Norðmenn eiga sér langa myndvefnaðarsögu, og á öllum Norðurlöndum er myndvefnaður vaxandi.

Frakkar áttu mikinn þátt í viðreisn myndvefnaðar, en franskir málarmenn Lurca átti frumkvæði að mikilli myndvefnaðarsýningu, sem haldin er á tveggja ára fresti í Lausanne í Sviss. Þar eru sýndir vefir hvaðanæva að úr heiminum, allt geysilega stór verk. Eflaust hefur þetta örvað myndvefnað nútímans, þótt skiptar skoðanir séu um hvernig sýningarnar sjálfar hafi tekið, en segja má að þar séu fyrst og fremst stór, ofin málverk unnin á vefstofum og



Eitt af nýjustu verkum Asgerðar Búadóttur.

einstaklingum er varla fært að taka þátt í sýningunum.

### Settust sjálfir við vefinn

„En þrátt fyrir allt finnst mér myndvefnaður aldrei hafa staðið eins sjálfstætt og hann gerir núna”, segir Asgerður Búadóttir. „Það held ég að sé fyrst og fremst vegna þess að listamennirnir hafa sett sjálfir við vefstólinn og komið í snertingu við efnið”.

Pólverjar og Tékkar hafa blásið nýju lífi í nútíma myndvefnað. Þeir vinna sjálfir verk sín og eru í sambandi við efnið, sem þeir nota, hvort sem það er ull, nælon, hampur, eða eitthvað annað, en hið margvislegasta efni er haft til myndvefnaðar nú á dögum.

Í Póllandi og Tékkóslóvakíu er búið mjög vel að myndvefnaðar-fólki. Þar situr ekki hver í sínu horni og vefur, heldur hefur ríkið sett á stofn tilraunavefstofur. Og árangurinn hefur ekki látið á sér standa.

### Örvandi að fá verkefni


Við vikjum að því við Asgerði hvort farið sé að verða vart hvatningar frá opinberri hálfu eða gerðar séu pantanir á myndvefnaði hér á landi. Það kemur á daginn að slíkt er nánast ekki til og ekki annað að gera fyrir myndvefnaðarfólk en að vinna að sínum hugmyndum eitt og óstutt í þeirri von að úr rætist í framtíðinni. En kannski er líka að rofa til hér.

Fyrsta verkefnið, sem Asgerður fékk var teppi, sem nú hangir í Norræna húsinu. Hafði hún að öllu leyti frjálsar hendur og mátti sjálf kjósa, hvaða vegg verk hennar skyldi prýða. Úr þessu varð Stormharpan, sem hangir í fundarherbergi hússins, teppi ofið undir áhrifum af þeim stíl, sem Norræna húsið er byggt í.


Annað teppi í svipuðum litum, brúnum, rauðum og hvítum og einnig úr ull og hrosshári hangir í stofunni þar sem við sitjum með Asgerði. Það á að fara í nýbyggt hús þeirra Þórunnar Jóhannsdóttur og Vladimírs Ashkenazy. Þau sáu teppið í Norræna húsinu og voru ekki sein að biðja Asgerði að vefa fyrir sig, henni væri alveg frjálst hvernig það yrði. Þetta verk hefur verið á ýmsum sýningum m.a. á norrænu vefnaðarsýningunni í Svíþjóð í haust. „Þetta er svo gott fólk”, segir Asgerður, „að það var gaman að vinna fyrir þau. Og það er alltaf mikil hvatning að fá verkefni, þótt oft sé lítið um þau og ekki annað að gera en að halda sínu striki einn í sínu horni”.

### Aldrei fengið góða hugmynd yfir pottunum

Asgerður hefur fyrst og fremst helgað starfskrafta sína vefnaðinum ásamt heimilis-



Dóttur sína, Þórunni, kallar Asgerður sitt bezta verk. Hér er sú fjöggra ára með dætrum sínum.



„Hravareldur.” Þetta teppi Asgerðar er í Langholtsútibúi Landsbankans.

störfum og fjölskyldu. Hún hefur oft verið beðin um að kenna, en alltaf komið sér hjá því og ekki viljað taka að sér þriðja starfið.

„Ég held að hið sé líka nauðsynlegt og vona að eitthvað af því, sem maður er að vinna komi til skila á annan hátt”, segir hún.

„Stundum eru listamenn spurðir hvernig gangi að samræma listgrein þeirra einu eða öðru starfi, sem þeir hafa sér til lífsframfæris”, segir Asgerður. „Ég get eiginlega ekki hugsað mér að neitt fari betur með vefnaðinum en heimilis-störfin. Með þeim hef ég meiri tíma til að vefa (þó aldrei nógan) en með einhverju öðru. Ef ég hef átt góðan dag og getað unnið ótrufluð, finnst mér ágætt að stússast í matseld.

En ég tek það fram, að ég hef aldrei fengið góða hugmynd yfir matarpottunum”.

—SJ

Texti:  
Sólveig  
Jónsdóttir

Myndir:  
Róbert  
Ágústsson